



Mættir: Ingunn, Ingimar, Linda og Linda

1. Athuga hvernig gangi hjá bekkjarfulltrúum að gera eitthvað með sínum bekkjum. Spurning hvort að allir séu að sækja í sjóðinn sínar allt að 750 kr á barn þegar eitthvað er gert með bekkjunum.  
(Ingimar setur inn póst á síðuna sína og spyr út í þetta)
2. Upp kom sú spurning hvort að foreldrafélagið sé að styrkja börnin sem eru að fara á Reyki, enginn sem var mættur á fundinn hafði hugmynd um það.  
(Ingunn spyr Ellu um málið)
3. Hugmyndaflæði fór í gang um það hvað við ætlum að bjóða uppá í vetur fyrir bekkina. Lindurnar ætla að athuga með sýningar eða uppákomur fyrir þessi þrjú bekkjarstig.
4. Á aðalfundinum kom upp sú hugmynd að styrkja skólann um fleiri hjólastanda. Við erum nokkuð vel stæð í sjóðnum og ætlum að kynna okkur hvað svoleiðis kostar og vera í sambandi við skólastjórann og húsvörðinn um það hvort að þetta sé eitthvað sem við getum gert og skólinn vilji.  
(Ingunn og Ingimar ætla kynna sér þessi mál)
5. Einnig langar okkur að vita hvernig málin standa með breytingarnar á bílaplaninu ...  
(Ingunn fer í að kynna sér það )
6. Svo var eitt tiltekið strætóskýli hér í Giljahverfinu okkur hugleikið. Ekki að það sé á vegum foreldrafélagsins að gera eitthvað í því en Ingunn mun pósta inn á Giljhverfissíðuna fyrirspurn um það hvort að eitthvað sé verið að gera í sambandi við aðgengi að strætóskýlinu við Drekgil. Þar er hvorki göngustígur né gangbraut til að komast að skýlinu og á veturnar eru stórir skaflar sittthvoru megin við það þannig að ekkert útsýni er frá því né gott aðgengi.

Fundaritari: Ingunn Ósk Svavarsdóttir